

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar.

1. gr.

Hjálparstofnun kirkjunnar er sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er að Þjóðkirkju Íslands og starfar á hennar vegum. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Biskup Íslands er verndari stofnunarinnar. Merki hennar er fiskur og kross í skál, blátt að lit. Stofnunin er aðili að hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins og Alkirkjuráði. Á erlendum málum er heiti stofnunarinnar: Icelandic Church Aid, skammstafað Icechurchaid, og Kirkens Nødhjelp i Island.

2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 300 000 - þrjú hundruð þúsund krónur.

3. gr.

Hlutverk Hjálparstofnunarinnar er að hafa forgöngu um og samhæfa mannúðar- og hjálparstarf íslensku kirkjunnar innanlands sem utan. Helstu verkefni hennar eru:

A. Innanlands

- a) Að veita skyndihjálp í neyðartilfellum.
- b) Að veita aðstoð innlendum líknarfélögum.
- c) Að samræma og skipuleggja líknarstarf innan kirkjunnar og vera prestum og söfnum til aðstoðar í þeim efnum eftir þörfum.
- d) Að leitast við að afla nákvæmra upplýsinga um einstaklinga og/eða málefni, sem ástæða er til að styrkja hverju sinni.

Skal hafa sem nánast samráð við og leita tilstyrks sóknarpresta, fulltrúaráðs, félagsmála-stofnana og annarra kunnugra aðila. Á valdi stjórnar er, hvort aðstoð skuli veitt og þá með óafturkræfu framlagi, ávísun á veðmæti eða láni.

B. Erlendis

- a) Að veita nauðstöddum kirkjum aðstoð og styðja starsemi þeirra.
- b) Að veita bágstöddum neyðar- og þróunaraðstoð.
- c) Að veita aðstoð flóttafólki sem býr við bág kjör.
- d) Að stuðla að því að mannréttindi séu virt.

C. Fræðsla

Til þess að ná þessum markmiðum skal Hjálparstofnunin standa fyrir fræðslustarfi. Þar skal stefnt að því að fræða landsmenn um neyðar-, þróunar-, mannúðar- og mannréttindamál.

Jafnframt skal veita landsmönnum upplýsingar um hjálparstarf stofnunarinnar á hverjum tíma. Ennfremur skal leitast við að fræða um sérstöðu Hjálparstofnunarinnar sem kirkjulegrar stofnunar og kenna grundvallaratriði í afstöðu kristinna manna til þurfandi meðbræðra.

4. gr.

Hjálparstofnun kirkjunnar starfar með Lútherska heimssambandinu og Alkirkjuráði. Jafnframt getur stofnunin starfað með innlendum og erlendum kirkjum, innlendum og erlendum félagasamtökum, mannúðar- og hjálparstofnunum.

5. gr.

Hjálparstofnun kirkjunnar veitir aðstoð sína án tillits til hverjir viðtakendur eru og hver sé orsök neyðarinnar.

6. gr.

Enginn getur krafist aðstoðar frá Hjálparstofnun kirkjunnar.

7. gr.

Tekjur Hjálparstofnunarinnar eru m.a.:

- A. Framlög styrktarmanna, fyrirtækja og opinberra aðila.
- B. Tekjur af almennum söfnunum.
- C. Framlög frá einstaklingum og stofnunum.
- D. Vaxtatekjur og fleira.

8. gr.

Fé, sem safnað er til sérstakra verkefna, skal renna til þeirra óskipt að frádregnum söfnunarkostnaði og framlagi í rekstrar- og fræðslusjóð. Fé stofnunarinnar skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt. Reikningsyfirlit hverrar einstakrar söfunar, þ.e.a.s. yfirlit yfir innkomið söfnunarfé, kostnað, laun og ráðstöfun fjárins, skal fært sérstaklega í bókhaldi stofnunarinnar sem sjálfstæð eining. Stjórn stofnunarinnar skal sjá um að birta reikningsyfirlit einstakra safnana í samræmi við fyrirmæli laga um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977.

9. gr.

Rekstrar- og stjórnunarkostnaður Hjálparstofnunarinnar skal greiddur úr rekstrarsjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

- 1. Að jafnaði 8% af öllu söfnunarfé. Hlutfall verði ákvarðað hverju sinni af stjórn.
- 2. Framlög opinberra aðila.
- 3. Framlög fyrirtækja, stofnana, sókna og sóknarpresta.
- 4. Fjármagn, sem fæst eftir sérstökum fjáröflunarleiðum.
- 5. Vextir.

Allt annað söfnunarfé skal renna í almennan söfnunarsjóð. Í bókhaldi skal tilgreint í hvaða verkefni söfnunarfé skuli varið.

Um fulltrúaráð og stjórn.

10. gr.

- Yfirstjórn Hjálparstofnunar kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs, sem þannig er skipað:
- a) Fimm menn skipaðir af Kirkjuráði til tveggja ára, þannig að tvö sæti séu laus þegar ártal stendur á oddatölu og þrjú sæti, þegar ártal stendur á jafnri tölu. Tveir varamenn eru skipaðir með sama hætti og ganga þeir úr varastjórn sitt árið hvor, en í fyrsta skipti er annar þeirra skipaður til eins árs. Ekki má endurskipa menn í fulltrúaráð oftari en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.
 - c) Hvert prófastsdæmi landsins kýs einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á héraðsfundum til tveggja ára í senn. Ekki má kjósa menn í fulltrúaráð oftari en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.

11. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins skal kosin á aðalfundi stofnunarinnar.

Kjósa skal formann og 2 aðra til eins árs í senn. Formaður skal vera úr hópi þeirra sem skipaðir eru af Kirkjuráði. Í varastjórn skal kjósa 2 menn til eins árs í senn.

Endurkjósa má mann í stjórn, þó aldrei oftari en svo, að samfelld seta hans sé lengri en sex ár. Fulltrúaráð kýs 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Fulltrúaráðið setur stjórninni og endurskoðendum starfsreglur.

12. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Hún heldur eigi færri en átta fundi árlega. Afl atkvæða ræður úrslitum á öllum fundum.

13. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fjögurra ára í senn, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar, gætir fjár hennar og annast greiðslur hennar samkvæmt ákvörðun stjórnar, svo sem nánar er tilgreint í erindisbréfi hans.

Framkvæmdastjóri gerir ár hvert í samráði við stjórn, starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Aðalfundur afgreiðir áætlunina hverju sinni, sbr. 14. gr.

14. gr.

Reikningsárið er frá 1. október til 30. september og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum og kjörnum endurskoðendum, lagðir fram á aðalfundi til umræðu og úrskurðar.

Um aðalfund og aðra fundi.

15. gr.

Fulltrúaráð skal koma saman til fundar a.m.k. tvisvar sinnum á ári, á fyrra og síðara árshelmingi skal síðari fundurinn vera aðalfundur stofnunarinnar. Til aðalfundar skal boðað með bréfi til hvers fulltrúa með 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað og a.m.k. helmingur fulltrúa mætir.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

- a) Fulltrúaráð.
- b) Verndari stofnunarinnar.
- c) Fráfarandi stjórnarmenn, þeir sem ekki eru lengur í fulltrúaráði, með málfrelsi og tillögurétt, meðan fjallað er um skýrslu stjórnar og reikninga.
- d) Framkvæmdastjóri með málfrelsi og tillögurétt.

Dagskrá aðalfundar

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Lesin upp nöfn þeirra sem rétt eiga til fundarsetu.
3. Starfsskýrslur undanfarins árs.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og úrskurðaðir.
5. Breytingar á skipulagsskrá ef fyrir liggja, enda hafi þess verið getið í fundarboði.
6. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs.
7. Stjórnarkjör samkvæmt 11. gr.
8. Kosning félagskjörinna endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Aukafund skal halda, þegar þurfa þykir, eða ef helmingur fulltrúaráðs óskar þess.

16. gr.

Fulltrúaráðsmenn skulu leggja fram skýrslu á héraðsfundum um starfsemi Hjálparstofnunarinnar, og það sem varðar viðkomandi prófastsdæmi sérstaklega. Kjörnir fulltrúar skulu, ásamt sóknarprestum, vera tengiliðir safnaða og Hjálparstofnunarinnar, þeir skulu skipuleggja og stjórna aðgerðum á sínu svæði, eftir því sem þörf krefur.

17. gr.

2/3 hlutar fulltrúaráðs geta ákveðið að leggja Hjálparstofnunina niður, skulu þá allar eigur hennar renna til líknarmála á vegum kirkjunnar, eftir nánari ákvörðun stjórnar og fulltrúaráðs.

18. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi og staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á aðalfundi stofnunarinnar 30. júní 1989.

19. gr.

Skipulagsskrá þessari var breytt á aðalfundi Hjálparstofnunar kirkjunnar 25. apríl 1992. Kemur skipulagsskráin í stað skipulagsskrár Hjálparstofnunar kirkjunnar nr. 595 frá 19. desember 1989.

Ákvæði til bráðabirgða: Reikningsárið 1992 verður frá 1. janúar til 30. september.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felldur úr gildi 1. tl. 3. gr. reglugerðar nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar 1992/1993, sbr. reglugerð nr. 313 21. ágúst 1992.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.